



ÁRSSKÝRSLA



20
24



Menntaskólinn á ÍSAFIRÐI



Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 sem bóknámsskóli. Skólinn tók á sig núverandi mynd 1989 þegar MÍ og Iðnskóli Ísafjarðar sameinuðust og ári seinna bættist húsmæðraskólinn Ósk í hópinn.

Námframboð skólans er mjög fjölbreytt. Boðið er upp á nám á 12 starfs- og verknámsbrautum, 4 stúdentsbrautum, íslenskubraut og starfsbraut auk iðnmeistaránáms. Íþróttasvið er í boði á öllum brautum. Kennslufyrirkomulagið í skólanum er þrenns konar; dreif-, fjar- og staðnám.

Í skólastarfinu er stuðlað að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við lög um framhaldsskóla. Í skólastarfinu eru nemendur búnir undir frekara nám og störf, ábyrgðarkennd þeirra efld sem og víðsýni og þeir þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum.

HLUTVERK

Menntaskólinn á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins.

MARKMIÐ

Það er markmið að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Rík áhersla er lögð á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Í námskrá skólans og gæðahandbók mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

SKÓLAMEISTARA

Í þessari ársskýrslu er farið yfir það helsta sem viðkemur starfsemi og rekstri Menntaskólans á Ísafirði árið 2024. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um starfsemi liðins árs, framkvæmd stefnumiðaðrar áætlunar, námsframboð, tölfræði um nemendur, o.fl.

Skólastarfið árið 2024 gekk vel. Mesti fjöldi nýnema síðan árið 2014 innritaðist í skólann á haustönn og dagskólanemendum fjölgaði. Ein ný námsbraut var stofnuð við skólann, íslenskubraut. Á brautinni er lögð áhersla á nám fyrir nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Í náminu er leitast við að þjálfa nemendur í íslensku máli, sem og menningarfærni, og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans.

Skólinn tók þátt í ýmsum verkefnum, bæði innan lands og utan á árinu. Skólinn náði góðum árangri í Stofnun ársins, þriðja árið í röð, en MÍ var í öðru sæti meðalstórra stofnana.

Nemendur og starfsfólk unnu sameiginlega vinnu sem miðaðist að því að fagna fjölbreytileikanum innan skólans og stuðla að inngildingu. Er sú vinna í anda gilda skólans sem eru þrjú; virðing, metnaður og vellíðan.

Á árinu 2024 voru 50 ár frá fyrstu úskrift og var því fagnað við útskrift í maí.



Í ársskýrslu þessari fyrir árið 2024 er farið yfir þau verkefni sem mennta- og barnamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára.



VIRÐING - METNAÐUR - VELLÍÐAN



HÖFUNDAR SKÝRSLU: DÓRÓTHEA MARGRÉT EINARSDÓTTIR AÐSTOÐARSKÓLAMEISTARI, ERNA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR NÁMSRÁÐGJAFI OG FORVARNARFULLTRÚI, HEIÐRÚN TRYGGVADÓTTIR SKÓLAMEISTARI, MARTHA KRISTÍN PÁLMAÐÓTTIR ÁFANGA- OG FJARNÁMSSTJÓRI OG PERNILLA REIN GÆÐA- OG SKJALASTJÓRI.

Frá haustinu 2016 hefur **stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára** verið skilað árlega til ráðuneytis mennta- og barnamála til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst.

Hér á eftir má sjá markmið MÍ fyrir árin 2024 - 2026:

KJARNASTARFSEMI

Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifnug jafna kynjadreifingu

- Efla kynningu á starfs- og verknámi fyrir öll kyn og vinna gegn staðalímyndum
- Efla samstarf milli skólans og atvinnulífs á svæðinu
- Bæta aðstöðu til kennslu á verk- og starfsnámsbrautum

Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma

- Auka stuðning við nemendur með námsörðugleika og annað móðurmál en íslensku
- Virkt eftirlit með námsgengi nemenda
- Þjálfa kennara í kennsluháttum sem byggja upp námsgetu nemenda og eflir þrautseigju í námi

Auka gæði menntunar í MÍ

- Bætt aðstaða í starfs- og verknámi
- Fækka réttindalausum kennurum og efla starfsþróun allra kennara hvað varðar gæði kennslu
- Fjölbreytt námsframboð m.v. landfræðilega legu skólans og þarfir atvinnulífsins

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Allir grunnskólar á Vestfjörðum voru heimsóttir og námsframboð skólans kynnt.
- Stofnaður var samráðshópur MÍ og fulltrúa úr atvinnulífinu í þeim greinum sem kenndar eru við skólann
- Unnið var að því að bæta aðstöðu til kennslu á verk- og starfsnámsbrautum.

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Áfram var unnið með vinnustofur sem eru í boði fjórum sinnum í viku fyrir alla nemendur
- Stuðningur við nemendur með námsörðugleika og annað móðurmál en íslensku var aukinn og íslenskubraut stofnuð
- Boðið var upp á fræðslu fyrir kennara og starfsfólk, m.a. um seiglu og úthald í námi

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Viljayfirlýsing um byggingu nýrrar aðstöðu fyrir verknám var undirrituð
- Stefna um námsframboð var endurskoðuð og námsframboð aukið með tilkomu nýrrar íslenskubrautar. Fleiri brautir til skoðunar.
- Leiðbeinendur í kennslu voru hvattir til að hefja réttindanám



REKSTRARÞÆTTIR

Aukin skilvirkni

- Unnið að aukningu rafrænna samskiptaferla í gegnum ýmis forrit
- Rafrænum undirskriftum verði fjölgað
- Bregðast við niðurstöðum mannauðsmælinga HR Monitor jafnóðum

Aukin starfsánægja

- Brugðist við mánaðarlegum könnunum meðal starfsfólks á starfsánægju
- Regluleg fræðsla fyrir starfsfólk skólans
- Bregðast við niðurstöðum úr Stofnun ársins

Draga úr umhverfisáhrifum

- Viðhalda áætlunum um árangursbætingu í Grænum skrefum í ríkisrekstri
- Fara í skoðun á aðgerðum til að draga úr húshitunar- og heitavatnsnotkun
- Draga úr losun í rekstri, s.s. úr húshitunar-, heitavatns- og rafmagnsnotkun

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Teknir voru upp rafrænir samskiptaferlar á ýmsum sviðum sem og rafrænt undirrituð skjöl
- Niðurstöður HR Monitor-mælinga voru rýndar og kynntar og nýttar til að efla mannauðsstarf innan skólans

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Unnið er að því að auka starfsþróun og starfsánægju starfsfólks m.a. með starfsþróunarnámskeiðum og aukinni fræðslu.
- Starfsánægja var reglulega könnuð með HR Monitor könnunum
- Unnið var að því að bæta starfsánægju með það að markmiðið að skólinn hækkaði í útkomu um Stofnun ársins 2024 sem tókst

FRAMKVÆMD

Farið var í ýmsar aðgerðir, m.a.

- Áfram er unnið með Græn skref í ríkisrekstri
- Unnið var að því að auka notkun vistvænna samgöngumáta, s.s. að nýta fjarfundi í tengslum við stjórnsýslu
- Rafmagns-, og heitavatnsnotkun dróst saman m.a. vegna endurnýjunar á loftræstikerfi, ledljósavæðingu og ljósaskynjarauppsetningu

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN 2024



Þröstur Jóhannesson húsasmíðakennari var tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna 2024 í flokki iðn- og verkemenntunar en flokkurinn tekur til kennara, námsefnishöfunda, skóla- eða menntastofnunar fyrir framúrskarandi starf, verk eða annað framlag til iðn- eða verkmenntunar.

Þröstur lauk námi til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands 2008 en áður hafði hann lokið meistaranámi í húsasmíði. Þröstur hefur kennt við Menntaskólann á Ísafirði frá 1987 og lengst af verið kennari í húsasmíðagreinum. Undanfarin ár hefur hann verið sviðsstjóri starfs- og verknáms auk þess að sitja í verkefnastjórn vegna byggingar nýs verknámshúss.



Í húsasmíðakennslunni hefur Þröstur verið óhræddur við að leita nýrra leiða. Hann hefur til dæmis nýtt sér samlegðaráhrif við Fab lab-smíðjuna í skólanum í kennslu og náð góðum árangri í að tengja húsasmíði við tæknina sem þar er til staðar. Hann hefur komið á breytingum í teikniáföngum svo þeir séu betur tengdir nútímatækni og þeim veruleika sem bíður nemenda eftir útskrift. Hann hefur lagt mikla áherslu á umhverfismál í störfum sínum, t.d. þegar hugað er að nýtingu á efni í húsasmíðakennslunni. Þröstur hefur lagt mikla áherslu á öryggismál og er umhugað um að nemendur tileinki sér góð vinnubrögð, meðal annars með tilliti til öryggisatriða. Þröstur hefur lagt áherslu á að haga kennslunni þannig að hún búi nemendur sem best undir húsasmíðastörf í framtíðinni. Allan sinn kennsluferil hefur hann verið í mjög góðum samskiptum við atvinnulífið sem hefur skilað sér vel inn í kennsluna.

Úr umsögn sem fylgdi tillögu að tilnefningu:

Þröstur er mjög lausnamiðaður, bæði í kennslu sinni og störfum. Hann hefur t.d. búið við frekar slaka kennsluaðstöðu í húsasmíðagreinum við skólann en hann hefur aldrei látið það hafa áhrif á kennsluna heldur unnið með aðstöðuna og verið mjög lausnamiðaður í að nýta rýmið sem best til kennslu.

Þröstur er þekktur fyrir einstaka þrúðmennsku bæði meðal nemenda og starfsmanna og það er óhætt að segja að Þröstur búi yfir stóískri ró sem hefur mjög góð áhrif á þau sem eru í kringum hann.

Nemendur þrastar hafa í gegnum tíðina bundist honum tryggðarböndum og vil ég vitna beint í einn nemanda hans sem sagði mér á dögnum að Þröstur væri svo mikil GOAT eða Greatest Of All Times. Það er líklega ekki hægt að fá betri meðmæli sem kennari.

Þröstur hefur allan sinn tíma sýnt mikla hollustu við húsasmíðakennsluna og skólann. Hann er einstök fyrirmynd, bæði fyrir nemendur og starfsfólk og framúrskarandi kennari.

NEMENDUR

Nemendur MÍ er fjölbreyttur hópur sem stundar nám í dagskóla, dreif- og fjarnámi.

Nemendum skólans hefur fjölgað undanfarin ár, fyrst og fremst í dreif- og fjarnámi en árið 2024 fjölgaði dagskólanemendum sömuleiðis.

Kennslumagn skólans hefur verið svipað undanfarin ár en fjölgun nemenda hefur bætt hópanýtingu til muna.

FJÖLDI NEMENDA

Á vorönn 2024 voru nemendur skólans 487 en á haustönn voru þeir 532.

FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA

Á vorönn 2024 útskrifuðust 66 nemendur og á haustönn 2024 útskrifuðust 22.

NEMENDUR EFTIR BRAUTUM

Braut	Vor 2024	Haust 2024
Félagsvísindabraut	16	17
Fjarnámsbraut	100	80
Grunnám háriðgreina	9	6
Grunnám mál- og véltæknigreina	15	23
Grunnám rafiðna	7	5
Húsasmiði	11	17
Lista- og nýsköpunarbraut	18	19
Martatæknibraut	9	0
Nám til iðnmeistararéttinda	48	41
Náttúruvísindabraut	28	22
Opin stúdentsbraut	110	147
Sjúkraliðabraut	77	101
Sjúkraliðabú	4	3
Skipstjórn B	1	0
Starfsbraut	7	9
Stálsmiði	5	13
Stúdentspróf af fagbraut	3	7
Vélstjórn A	19	22

NÝNEMAR EFTIR BRAUTUM

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	3
Félagsvísindabraut - iþróttasvið	1
Grunnám mál- og véltæknigreina	19
Húsasmiði	5
Lista- og nýsköpunarbraut	5
Náttúruvísindabraut	2
Náttúruvísindabraut iþróttasvið	8
Opin stúdentsbraut	13
Opin stúdentsbraut - iþróttasvið	12
Starfsbraut	4
Alls	72

ALDURSDREIFING

Aldursdreifing nemenda í MÍ er nokkuð mikil. Yngstu nemendurnir árið 2024 voru 14 ára en elstu 58 ára. Flestir nemendur eru á aldrinum 16 – 20 ára.

NÁMSFYRIRKOMULAG

Í MÍ er þrenns konar námsfyrirkomulag. Í fyrsta lagi dagskólanám, í öðru lagi dreifnám sem er starfs- og verknám skipulagt sem nám með vinnu og í þriðja lagi fjarnám. Dreif- og fjarnám hefur verið einn aðalvaxtarbroddur skólans undanfarin ár.

	Vor 2024	Haust 2024
Dagskóli	173	226
Dreifnám	60	47
Fjarnám	254	259
Alls	487	532


Aldur	Vor 2024	Haust 2024
14-15 ára	7	19
16-20 ára	261	267
21-25 ára	63	88
26-30 ára	47	53
31-35 ára	33	37
36-40 ára	18	20
41-45 ára	24	20
46-50 ára	18	16
51-55 ára	7	9
56-60 ára	9	3
61-72 ára	0	0

BÚSETA

Nemendur MÍ koma úr öllum landshlutum en langflestir búa á Vestfjörðum:

	Vor 2024	Haust 2024
Höfuðborgarsvæðið	88	91
Suðurnes	16	17
Vesturland	19	25
Vestfirðir	246	282
Norðurland vestra	17	17
Norðurland eystra	24	28
Austurland	42	39
Suðurland	29	30
Erlendis	6	3

Önn	V20	H20	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24
Brottfall (%)	7,6%	7,8%	6,9%	8,0%	12,0%	9,0%	12,0%	7,4%	7,5%



BRAUTIR Í BÓÐI

BÓKNÁM

- Félagsvísindabraut
- Íslenskubraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
- Opin stúdentsbraut - fjarnám
- Stúdentspróf af fagbraut
- Íþróttasvið

STARFSBRAUT

STARFS- OG VERKNÁM

- Grunn nám háriðngreina
- Grunn nám málm- og véltæknigreina
- Grunn nám rafiðngreina
- Húsasmíði
- Iðnmeistaránám
- Lista- og nýsköpunarbraut
- Matartækni
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabru
- Skipstjórnarnám A og B
- Stálsmiði
- Vélstjórn A og B/vélvirkjun

Útskrift vorið 2024



Útskrift haustið 2024



45% NÝNEMA INNRIÐUST Í STARFS- OG VERKNÁM HAUSTIÐ 2024:

HLUTFALL BÓK- OG VERKNÁMS

Mí leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð, bæði í bóknámi og starfs- og verknámi. Skiptingin milli bóknáms annars vegar og starfs- og verknáms hins vegar var eftirfarandi árið 2024:

	Vorið 2024	%	Haustið 2024	%
Bóknám	312	64%	323	61%
Starfs- og verknám	175	36%	209	39%

45% nýnema innrituðust í starfs- og verknám haustið 2024.

Áhersla er lögð á öfluga náms- og starfsráðgjöf, fræðslu og gott utanumhald um nám og líðan nemenda.

Allir nýnemar taka áfanga í náms- og starfsfræðslu á haustönn sem hefur það að markmiði að búa nemendur undir nám í framhaldsskóla. Allir nýnemar fá umsjónarkennara á haustönn og þeir sem þurfa aukinn stuðning fengu einnig úthhlutað umsjónarkennara á vorönn.

Námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og áfanga- og fjarnámsstjóri bjóða upp á opna viðtalstíma, bókanlegir í gegnum rafrænt bókunarkerfi á heimasíðu skólans eða hjá ritara. Eins eru margir sem koma við á skrifstofu fyrrgreindra aðila og fá þannig viðtal því leitast er við að hafa nemendapjónustuna opna og aðgengilega nemendum.

Á skólaárinu 2024 fóru flest viðtöl fram í skólanum. Einnig voru viðtöl tekin í gegnum Teams og þá helst við fjarnema sem eru í auknum mæli að nýta sér nemendapjónustuna. Fjöldi fyrirspurna berast í tölvupósti eða í gegnum símtöl og er svarað með þeim hætti.

Á haustönn tók námsráðgjafi móttökuvíðtöl við nýnema með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og nýnema með sérparfir ásamt foreldrum eða forsjáraðilum. Þar var farið yfir sértæk úrræði í námi, líðan og þær áskoranir sem fylgja því að hefja nám í framhaldsskóla. Notast var við símatúlk þar sem þurfti.

Á vorönn er útskriftarefnum boðið upp á viðtal hjá námsráðgjafa með það að markmiði að hvetja þau til ígrundunar um framtíðaráform sín, hvort sem stefnan er sett á háskólanám eða vinnumarkað. Einnig er nemendum boðið upp á að taka áhugasviðskönnun.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að skapa umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Námsráðgjafi er tengiliður vegna farsældarþjónustu.

Námsráðgjafi er í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varðandi geðheilbrigðismál nemenda og vísar nemendum sem þess þurfa í þjónustu geðheilbrigðisteymisins, einnig er samstarf við félagsþjónustur á svæðinu, barnaverndarþjónustu og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum nemenda. Skólahjúkrunarfræðingur var með fasta viðveru á skrifstofu nemendapjónustu alla þriðjudaga frá 8:30 - 12:30

Námsráðgjafi starfar sem forvarnarfulltrúi og skipuleggur forvarnar- og fræðsluviðburði skólans.





FORVARNIR

Stefna skólans er að stuðla að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda og starfsfólks. Hjá nemendur er lögð áhersla á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska, kynheilbrigði og sjálfsvirðingu. Einnig er lögð áhersla á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim, auk þess að stuðla að öfluglu fræðslustarf undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans.

Ýmis forvarnarfræðsla fór fram á árinu 2024

Febrúar 2024

- Seigla - fræðsla fyrir nemendur

Apríl 2024

- Sjúk ást Stígamót - fræðsla fyrir nemendur í jafnréttis- og kynjafræði

Október 2024

- Forvarnardagurinn - forvarnarfræðsla fyrir nemendur um skaðsemi ávanabindandi efna
- Dóp er dauðans alvara forvarnarfræðsla fyrir nýnema um skaðsemi fíkniefna. Sömuleiðis fræðsla fyrir forsjáraðila

Nóvember 2024

- Dagur gegn einelti - forvarnarfræðsla fyrir nemendur um einelti og ábyrgðarmenningu.

Hluti af forvarnastarfi skólans er að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og að sérstaklega sé hugað að þeim nemendum sem eru með sérþarfir, hefja nám á starfsbraut eða eru með annað móðurmál en íslensku.

Úrræði fyrir nemendur sem eru í hættu á brottfalli og brotthvarfi eru einnig hluti af forvarnastefnu skólans og felst m.a. í eftirfylgni með mætingum, lotumati og lokamati í samræmi við verklag í gæðahandbók.

NÁMSRÁÐGJAFI ER FULLTRÚI SKÓLANS Í **VÁ-VEST** HÓPNUM SEM ER SAMSTARFSHÓPUR UM FORVARNIR Á VESTFJÖRÐUM.

NÁMSRÁÐGJAFI ER EINNIG FULLTRÚI SKÓLANS Í **ÖRUGGARI VESTFIRÐIR** SEM ER SVÆÐISBUNDINN SAMRÁÐS-VETTVANGUR ÞAR SEM UNNIÐ ER AÐ AUKNU ÖRYGGI ÍBÚA MEÐ FRÆÐSLU UM OFBELDI OG SKAÐSEMI ÞESS.

50 ÁR FRÁ FYRSTU ÚTSKRIFT



Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 eftir langa baráttu heimamanna fyrir menntaskóla, baráttu sem má rekja a.m.k. aftur til ársins 1944. Helstu rök heimamanna fyrir stofnun menntaskóla á Ísafirði voru að jafna aðstöðu nemenda til skólagöngu. Ákveðinn áfangasigur náðist árið 1949 þegar leyfi fékkst til að reka framhaldsdeild á Ísafirði sem svaraði til 1. bekkjar í menntaskóla. Vestfirðingar héldu þó áfram að berjast fyrir fullgildum menntaskóla og í þeirri baráttu lögðu margir hönd á plóg og ljóst að samtakamáttur Vestfirðinga, þrautseigja og þor skipti þar miklu máli. Barátta heimamanna bar loks árangur þegar tilkynnt var á haustdögum 1969 að menntaskóli yrði stofnaður á Ísafirði árið 1970. 35 nemendur innrituðust þá um haustið og vorið 1974 útskrifuðust 30 stúdentar við fyrstu brautskráningu skólans.



Í tilefni þess að árið 2024 voru liðin 50 ár frá fyrstu útskrift skólans var við hæfi að rifja upp þá miklu baráttu sem fjölmargir Vestfirðingar tóku þátt í til að af stofnun hans mætti verða. Af þeim sem hvað mest lögðu á sig eru nú tveir á lífi, þeir Gunnlaugur Jónasson og Jón Páll Halldórsson. Stjórnendur Mí heimsóttu þá í tilefni tímamótanna og færðu þeim þakklætisvott fyrir þeirra framlag. Það var afskaplega gaman og áhugavert að rifja upp þennan tíma með þeim Gunnlaugi og Jóni Páli. M.a. var rifjuð upp blaðagrein sem þeir félagar skrifuðu þann 22. júní 1969 og birtist í Morgunblaðinu sem bar heitið „Ný menntunarhöfuðból verða að rísa – Jafna verður aðstöðuna til skólagöngu“ og má lesa [HÉR](#).

GÆÐASTJÓRNUN

Gæðakerfi skólans hlaut fyrst vottun samkvæmt ISO 9001:2015 í apríl 2021. Fékkst endurvottun á árinu 2024 í samræmi við tilgreint gildissvið gæðavottunar „Rekstur framhaldsskóla á verknáms- og bóknámsbrautum“. Með rekstri gæðakerfis vill MÍ tryggja að skólinn uppfylli kröfur sem gerðar eru til hans í lögum og reglugerðum, sem og væntingar og þarfir nemenda og starfsfólks. Gæðahandbók skólans er birt í gæðakerfi CCQ og aðgengileg á [heimasíðu](#) hans.

JAFNLAUNAKERFI

Jafnlaunakerfi fór í gegnum viðhaldsúttekt 2 á haustönn 2024 og var einnig gerð launagreining þá önn. Í framhaldi af launagreiningunni voru jafnlaunamarkmið skólans endurskoðuð. Tvö þeirra snúa að óleiðréttum launamun dagvinnulauna kynja. Þar sem skólinn hefur náð að halda þessum mun í lágmarki var ákveðið að lækka viðmiðið úr 3% í 2%.

PERSÓNUVERND

Persónuverndarfulltrúi starfar við skólann eins og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 kveða á um. Því starfi sinnir Pernilla Rein. [Persónuverndarstefnu MÍ](#) er að finna í gæðahandbók auk annarra skjala, t.d. verklagsreglna sem voru gefnar út á árinu og snúa að persónuvernd.

SKJALASTJÓRN

Við MÍ er notað rafræna skjalastjórnarkerfið GoPro og er markmiðið að vinnubrögð séu í samræmi við [lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#).



BÓKASAFN

Bókasafn MÍ er staðsett í hjarta bóknámshúss og eru nemendur duglegir að nýta safnið fyrir lærdóm og samveru.

Gott samstarf er milli bókasafnanna á svæðinu um millisafnalán og fleira.



UMHVERFISMÁL

Eftir að 5. græna skrefinu var náð á vorönn 2023 hefur MÍ unnið áfram í að bæta frammistöðu skólans og draga úr áhrifum á umhverfið. Umhverfisfræðsla, orkunotkun, úrgangur og samgöngur eru grunnstoðir í markmiða- og aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagstefnu MÍ sem var gefin út í samræmi við lög um loftslagsmál nr. 70/2012. Ýmislegt hefur áunnist og má m.a. nefna:

Rekstur:

- Rafmagns-, og heitavatnsnotkun hefur dregist mikið saman, þökk sé ekki síst endurnýjun á loftræstikerfi, ledljósavæðingu og uppsetningu á ljósaskynjurum.
- Hlutfall endurvinnsluúrgangs var á árinu um 70% af heilarmagni úrgangs sem er mikil bæting síðan MÍ hóf að skrá tölur í grænt bókhald (2019) og lítill hluti úrgangs var flokkaður.
- Innkaup á vistvænum, umhverfisvottuðum rekstrarvörum er regla, séu slíkar í boði.
- Notkun skrifstofupappírs er orðin mjög lítil miðað við það sem áður var.

Mötuneyti:

- Grænkeraréttur og fjölbreyttur salatbar er í boði alla daga. Rautt kjöt er að hámarki í boði tvisvar sinnum í viku.
- Gestir skammta sér sjálfir mat.
- Vigtun á matarafgöngum er framkvæmd reglulega og árangur gerður sýnilegur gestum í matsal.

Samgöngur:

- Samgöngustyrkur er í boði og nýtti hann 20% starfsfólks með því að nota vistvænan samgöngumáta fyrir ferðir til og frá vinnu.
- Notast er við fjarfundi í stað þess að ferðast þegar það er í boði.

Nám og fræðsla:

- Áfangi í umhverfis- og áttthagafræði er skylduáfangi fyrir alla nemendur á bóknámsbrautum.
- MÍ er aðili að Grænfánanum, alþjóðlegu umhverfismenntarverkefni sem er rekið af Landvernd. Grænfánanum er ætlað að auka umhverfisvitund og að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku nemenda í ákvarðantöku.
- Í tilefni af átakinu *Saman gegn sóun* var haldinn skiptimarkaður í skólanum til að gefa starfsfólki og nemendum tækifæri til að skiptast á fatnaði og skóm. Markmiðið var einnig að auka meðvitund um neyslu og offramboð.



SVIPMYNDIR ÚR SKÓLASTARFINU



ÞRÓUNARVERKEFNI: SÓLARSELLUR

Í janúar úthlutaði mennta- og barnamálaráðuneytið styrkjum til nýsköpunar og skólaþróunarverkefna á vettvangi leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs. Mí hlaut 4.909.420 kr í styrk í þverfaglegt skólaverkefni með Bláma og Orkubúi Vestfjarða um orkuframleiðslu og uppsetningu sólarcella.




MÍ Í 2. SÆTI Í STOFNUN ÁRSINS

Menntaskólinn á Ísafirði hlaut í febrúar viðurkenningu í Stofnun ársins 2023 en skólinn varð í öðru sæti í flokki meðalstórra stofnana (40-89 starfsmenn). Skólinn hlýtur þar með sæmdarheitið fyrirmyndarstofnun. Er þetta í annað skiptið sem skólinn hlýtur viðurkenningu í Stofnun ársins en skólinn var árið 2022 hástökkvari ársins og var þá sú ríkisstofnun sem bætti starfskjör starfsmanna best það árið.



STARFSÞRÓUNARFERÐ STARFSFÓLKIS

Föstudaginn 1. mars sl. var haldinn starfsþróunardagur framhaldsskólanna þar sem starfsfólk úr 24 framhaldsskólum á landinu hittist í sameiginlegri starfsþróun. Um 30 starfsmenn Mí héldu suður til að hitta kollega sína sem mælt höfðu sér mót í framhaldsskólum vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið.



VÖRUMESSA

Vörumessa var haldin í mars. Þar fer fram kynning á verkefnum nemenda í áfanganum Hugmyndir og nýsköpun og er vettvangur fyrir unga frumkvöðla, fyrirtæki og samfélagið að þróa nýjar hugmyndir og lausnir á Vestfjörðum.



OPIÐ HÚS OG HÁSKÓLAKYNNINGAR

Á opnu húsi fengu grunnskólanemendur fá kynningu á námsframboði skólans. Á háskólakynningu kynntu 7 íslenskir háskólar námsframboði sitt.



STYRKUR ÚR ÞRÓUNARSJÓÐI INNFLYTJENDAMÁLA

Skólinn fékk styrk að upphæð 2.200.000 kr fyrir verkefni sem ber yfirskriftina Við öll! Mí sem fjölmennningarlegt samfélag. Verkefnið fólst í að halda málþing innan skólans til að dýpka skilning og auka meðvitund skólasamfélagsins á því hvað felst í því að vera hluti af inngildandi og fjölmennningarlegu samfélagi.



VILJAYFIRLÝSING UM BYGGINGU NÝS VERKNÁMSHÚSS

4. apríl var undirrituð viljayfirlýsing um byggingu nýs verknámshús við Menntaskólann á Ísafirði. Undirritunin fór fram á bókasafni Mí að viðstöddum mennta- og barnamálaráðherra, nemendum, starfsfólki, skólanefnd, sveitastjórnarfólki og ýmsum aðilum úr atvinnulífinu.

SVIPMYNDIR ÚR SKÓLASTARFINU



LIÐ MÍ Í ÚRSLIT UNGRA FRUMKVÖÐLA

Stór hópur nemenda tók þátt í Fyrirtækjasmiðju ungra frumkvöðla í apríl og eitt fyrirtæki úr MÍ komst áfram í úrslit. Fyrirtækið hét Áróra og var stofnað af Agnesi Eva Hjartardóttir, Abdulrahman Al Bdiwi og Rögnvaldi Má Magnússyni. Þjuggu þau til armbönd og lyklakippur til styrktar heimilislausu fólki á Íslandi og fór allur ágóði af sölnunni í að betrubæta aðstæður þeirra.

STÆKKAÐU FRAMTÍÐINA

Skólinn hóf þátttöku í spennandi verkefni sem kallast *Stækkaðu framtíðina* og felst í að varpa ljósi á tækifæri framtíðarinnar. Stækkaðu framtíðina er verkefni fyrir alla grunn- og framhaldsskóla landsins. Sjálfboðaliðar af vinnumarkaði heimsækja kennslustundir til að lýsa starfi sínu, segja nemendum frá því hvernig nám þeirra hefur nýst og hver bakgrunnur þeirra er.



EMMÍ SPRETT-UPP AFMÆLISSÝNING

Í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá fyrstu útskrift úr MÍ var sett upp svokölluð „sprett-upp“ afmælistýning í Gryfjunni. Þar var lögð áhersla á dulda námskrá skólans og nemendameningin var í fyrirrúmi. Sýningin spannaði nemendasögu MÍ allt frá fyrsta útskriftarárgangi til útskriftarárgangsins 2024.




HEIMSÓKN FRÁ FRAMHALDSSKÓLANUM Á HÚSAVÍK

Starfsfólk framhaldsskólans á Húsavík heimsótti MÍ á starfsdögum í maí. Á dagskrá voru ýmsar sameiginlegar áskoranir í skólastarfinu s.s. gervigreind, fjarnám og námsmenning. Að henni lokinni tók við söguganga um Ísafjörð og skemmtidagskrá með hattapema sem lauk með kvöldverði í Arnardal.



NÝNEMADAGUR OG NÝNEMAFERÐ

Nýnemadagur og nýnemaferð fóru fram í ágúst. Á nýnemadegi eru allir nýir nemendur boðnir velkomnir og farið yfir það helsta sem varðar skólastarfið. Stjórn nemendafélagsins sér um hópefli og boðið er upp á hádegismat í mötuneytinu. Nýnemaferðin var farin á suðurfirði Vestfjarða í einmuna veðurbliðu.



ÍÞRÓTTA- OG LEIKJADAGUR

Nemendafélag MÍ stóð fyrir íþrótt- og leikjadegi 11. september þar sem ýmislegt skemmtilegt var gert í stað þess að mæta í hefðbundnar kennslustundir. Dagurinn byrjaði á furðufataskemmtiskokki og síðan var boðið upp á ýmislegt eins og bandí, boccia, skák, snúsnú, spil, káríókí og borðtennis.



VIÐ ÖLL Í MÍ - MÁLPING Í EDINBORGARHÚSINU

12. september stóð skólinn fyrir málþingi og vinnustofum undir yfirskriftinni Við öll í MÍ. Hátt í 250 nemendur og starfsfólk tóku þátt í fræðslu og vinnustofum um fordóma, ólíka menningu, steríótýpur og fjölmenningarsamfélag. Fræðsla fyrir forsjáraðila fór fram daginn áður.

SVIPMYNDIR ÚR SKÓLASTARFINU



BEACTIVE - EVRÓPSKA ÍPRÓTTAVIKAN

Í september fór evrópska íþrótta- og hreyfivikan fram en markmið hennar er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu. Íþrótta- og hreyfivikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Í vikunni var bryddað upp á ýmsum viðburðum í skólanum sem hvetja áttu til meiri hreyfingar í daglegu lífi.



FORVARNARDAGURINN

2. október var forvarnardagurinn haldinn í 19. skipti. Af því tilefni var dagskrá í Gryfjunni þar sem forvarnir voru í fyrirrúmi. Erna Sigrún forvarnarfulltrúi og Helena skólahjúkrunarfræðingur voru með erindi og fjölluðu m.a. um skaðsemi áfengis, tóbaks og orkudrykkja.



FRÆÐSLA UM ÍSLENSKU

Í september hélt Eiríkur Rögnvaldsson fv. prófessor í íslenskri málfræðii erindi fyrir nemendur um allskonar íslensku. Í kjölfar erindisins ræddi Ólafur Guðsteinn Kristjánsson um verkefnið *Gefum íslensku séns – íslenskuvænt samfélag* sem miðar að því að auka möguleika fólks í notkun íslensku.



GEFUM ÍSLENSKU SÉNS Í MÍ

Á haustönn voru skipulagðir vikulegir tímar þar sem þau sem hafa íslensku að móðurmáli og þau sem hafa annað móðurmál en íslensku spjalla saman á íslensku. Verkefnið var kallað *Gefum íslensku séns í MÍ* og er það innblásið af verkefninu *Gefum íslensku séns - íslenskuvænt samfélag*.



REISUGILDI

4. október var reisugildi þegar húsasmíðanemendur á 4. önn og kennarar þeirra reistu síðastu sperruna í húsi sem Skíðafélag Ísfirðinga mun eignast. Reisugildið var fjölmennt og eins og hefð er fyrir í reisugildum var íslenska fánanum flaggað í tilefni áfangans og boðið upp á veitingar.



NEMENDAÞING

Skólafundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári skv. lögum um framhaldsskóla og í MÍ hafa slíkir fundir verið haldnir á hverri önn um nokkurt skeið. 7. nóvember var haldið nemendaþing með svokölluðu þjóðfundasniði. Nemendum var skipt í hópa og tekin voru til umfjöllunar spurningar um metnað, nám og félagslíf við skólann.



DAGUR GEGN EINELTI

8. nóvember er ár hvert helgaður baráttunni gegn einelti. Í tilefni þess héldu þrír nemendur kynningu fyrir nemendur um hvað ofbeldi og einelti er og hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar það getur haft. Sömuleiðis að það er sameiginlega ábyrgð allra í skólanum að skapa góða skólamenningu þar sem pláss er fyrir alla.

SVIPMYNDIR ÚR SKÓLASTARFINU



STARFSÞRÓUNARFERÐ TIL PÓLLANDS

Í október fór starfsfólk skólans í starfsþróunarferð til Kraká í Póllandi. Þar kynnti starfsfólkið sér pólska skólakerfið og heimsótti tvo framhaldsskóla. Einnig var farið í fræðsluferð um útrýmingarþúðirnar í Auschwitz.



FRAMBOÐSFUNDUR OG SKUGGAKOSNINGAR

Í tengslum við alþingiskosningar var lýðræðisvika í skólanum sem endaði á skuggakosningum. Í lýðræðisvikunni var sjónum beint að lýðræðistengdum verkefnum og stjórnmálaumræðu. 11. nóvember mættu fulltrúar allra flokka sem buðu fram í alþingiskosningum á framboðsfund sem nemendafélag MÍ stóð fyrir.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu stóðu kennarar og nemendur í íslensku sem öðru máli fyrir innslagi þar sem nemendur kynntu sín móðurmál og fengu viðstaddir m.a. að læra að segja góðan daginn á arabísku, telja upp á tíu á tékknesku, segja bless á tælensku, blóta á pólsku og hlusta á tungubrjót á ungversku.



ÍSLENSKUSÉNSINN 2024

16. nóvember hlaut MÍ Íslenskusénsinn 2024 sem *Gefum íslensku séns* – *íslenskuvænt samfélag* stóð að. Íbúum norðarverðra Vestfjarða gafst tækifæri til að útnefna þann eða þau sem hvetja sem mest til íslenskunotkunar í viðum skilningi og stuðla þar af leiðandi að framförum í meðförum tungunnar.



FYRSTU VERÐLAUN Í MEMA

Nýsköpunarkeppni MEMA er árlegur viðburður sem hefur það að markmiði að hvetja ungt fólk til að nýta hutgviss sitt og leita lausna í þvergaflegu samstarfi. Lið MÍ, Endurskínandi kind, hlaut fyrstu verðlaun keppninnar fyrir hugmynd sína að endurskinsmerkja kindur.



SAMRÁÐSHÓPUR MÍ OG ATVINNULÍFSINS

MÍ stóð fyrir morgunverðarfundum fyrir fulltrúum atvinnulífsins þar sem rædd voru ýmis mál sem snerta starfs- og verknám. Á fundinum var stofnaður samráðshópur MÍ og atvinnulífsins sem hittist reglulega. Stofnun hópsins er að danskri fyrirmynd sem fulltrúar MÍ kynntust hjá samstarfsskóla sínum EUC Lillebælt.

VIÐ Í MÍ ERUM ALLSKONAR
FÖGNUM FJÖLBREYTILEIKANUM

Félagslíf nemenda er jafnan stór þáttur í skólastarfinu og nemendafélagsstjórnir ársins 2024 unnu vel með skólastjórnendum og öðrum sem komu að félagslífi nemenda. Félagsmálafulltrúi skólans á vorönn var Rannveig Jónsdóttir og á haustönn Svavar Þór Guðmundsson.

Mí tók að venju þátt í Gettu betur og komst alla leið í undanúrslit sem fóru fram í sjónvarpinu. Er þetta í 2. sinn í sögu skólans sem lið Mí nær svo langt. Sólrisan fór fram með ýmsum skemmtilegum viðburðum og útgáfu Sólrisublaðsins. Einn af hápunktum Sólrisunnar var sýning leikfélagsins á Dýrunum í Hálsaskógi í leikstjórn Birgittu Birgisdóttur.

Fullveldisfagnaður var haldinn með glæsibrag í desember þar sem nemendur og starfsfólk skemmtu sér vel saman. Stjórn NMÍ bauð upp líka á ýmsa smærri viðburði sem voru vel sóttir auk þess sem nokkrir dansleikir voru haldnir sem og árshátíð.



STARFSFÓLK



Starfsmannahópur skólans er fjölbreyttur, vel menntaður og öflugur.

Við skólann störfuðu 45 starfsmenn á vorönn, þar af 35 í kennslu. Stöðugildin voru samtals 37,5 og þar af 23,07 í kennslu.

Á haustönn störfuðu samtals 47 starfsmenn, þar af 37 í kennslu. Stöðugildi voru samtals 39,37 og þar af voru 26,07 í kennslu.



JAFNLAUNAKERFI



Jafnlaunakerfi er rekið í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. Mí hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2019 og endurvottun árið 2022.

Markmið jafnlaunakerfis er að tryggja að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

INNRA MAT

Stefna um innra mat er unnin í samstarfi við gæðaráð skólans og eru verkefni og verklag nefndar um innra mat skilgreind í gæðahandbók skólans.

Matsteymi um innra mat starfar eftir verkáætlun sem skipulögð er fjögur ár fram í tímann. Á vorönn 2024 lagði teymið fyrir áfangakönnun (kennslukönnun) í INNU í öllum áföngum. Spurt var um vinnuálag í áföngunum og einnig voru nemendur beðnir um að koma með ábendingar um það sem þeim þótti takast vel í áfanganum og hvað mætti betur fara. Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og nýttu þau til ígrundunar og til þess að bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið. Stjórnendur fengu einnig niðurstöður kannananna í hendur og gátu nýtt þær í starfsmannasamtölum.

Á haustönn 2024 lagði matsteymi um innra mat fyrir nemendakönnun Skólapúlsins sem sérsniðin er að framhaldsskólum. Þar var m.a. kannað viðhorf og hollusta gagnvart skólanum, stuðningur við nemendur, virkni í tímum, endurgjöf til nemenda, vitsmunaleg örvun, jafnrétti og notkun gervigreindar. Matsteymi um innra mat hefur unnið tillögur að umbótum út frá niðurstöðum könnunarinnar sem snúa að bættum kennsluháttum og inngildingu.

Á haustönn 2024 var haldið skólamálalöng með nemendum og starfsfólki þar sem rætt var um metnað í námi og félagslíf nemenda.

Á vorönn 2024 var lögð þjónustukönnun fyrir nemendur. Niðurstöður könnunarinnar benda til að langflestir nemendur MÍ séu ánægðir hvað varðar samskipti við starfsfólk, þjónustu og aðstæður í skólanum.

Námsmat og brottfall nemenda var kannað bæði á haustönn og vorönn 2024.

Niðurstöður kannana og greininga á vegum innra mats voru kynntar stjórnendum og gæðaráði á rýni stjórnenda í byrjun haustannar 2024. Þar ákváðu stjórnendur hvaða þættir innra mats færu inn í aðgerðaráætlun skólans. Skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2023-2024 var skilað til mennta- og barnamálaráðuneytis í upphafi haustannar 2024.



Skýrsla um innra mat skólaárið 2023-2024

STOFNUN ÁRSINS

Menntaskólinn á Ísafirði hlaut í þriðja sinn viðurkenningu í Stofnun ársins. Fyrsta viðurkenningin var árið 2022 þegar skólinn var sú ríkisstofnun sem bætti starfskjör starfsmanna best það árið og fékk skólinn af því tilefni titilinn hástökkvari ársins. Árið 2023 var skólinn í 2. sæti í flokki meðalstórra stofnana og fékk að því tilefni sæmdarheitið **FYRIRMYNDARSTOFNUN**. Skólinn lenti í sama sæti árið 2024.

Tilgangur með vali á stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri í mannauðsstjórnun. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi og á að efla starfsumhverfi félagsfólks og starfsfólks í almannajónustu. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir.

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi stofnana eins og MÍ, starfsfólki til hagsbóta.

Á hverju ári tekur allt starfsfólk skólans, óháð félagsaðild, þátt í könnuninni sem fer þannig fram að spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir níu ólíka þætti og þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi stofnana. Þeir níu þættir sem eru mældir eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Stofnanir	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti
Þjóðskrá Íslands	4,59	+/-0,01	4,62	4,78	3,69	4,45	4,74	4,56	4,54	4,79	4,79
Menntaskólinn á Ísafirði	4,57	+/-0,03	4,79	4,75	3,59	4,40	4,27	4,61	4,67	4,74	4,77



• SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Sem starfs- og verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land með reglulegum samráðsfundum. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Samland (áður Fjarmenttaskólinn). Innan Samlands er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám. Einnig er samstarf milli MÍ og VA um iðnmeistaranám.

• SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Reglulegt samstarf er við grunnskóla á Vestfjörðum. Það fer m.a. fram með skipulögðum heimsóknum námsráðgjafa og stjórnenda í grunnskólana á svæðinu, einkum til nemenda í 10. bekk. Einnig felst samstarfið í fundum skólastjórna og kennarahittingum beggja skólastiga þegar því er við komið.

• SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Þrenns konar samstarf er við sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrsta lagi um farsæld. Í öðru lagi um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab (e. fabrication laboratory) og í þriðja lagi um rekstur íþróttasviðs við MÍ.

• Ársskýrsla Fab lab Ísafjörður

• SAMSTARF VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Samstarf er milli stofnananna um fræðslu fyrir nemendur á 3. og 4. ári starfsbrautar. Í samningnum felst að Vinnumálastofnun býðst til að koma inn með fræðslu fyrir nemendurna. Framkvæmd og útfærsla verkefnisins er samkomulag á milli skólans og Vinnumálastofnunar.

• SAMSTARF VIÐ BÓKASÖFNIN Á SVÆÐINU

Bókasafn MÍ á í góðu samstarfi við bókasöfn framhaldsskóla, en einnig við almenningubókasöfnin á svæðinu, við skólasafn grunnskólans og Háskólasetur Vestfjarða.

• SAMSTARF VIÐ ÍPRÓTTAFÉLÖGIN

Skólinn á í góðu samstarfi við ýmis íþróttafélög á svæðinu um þjálfun á íþróttasviði skólans.

Skólinn tók á árinu 2024 þátt í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum í gegnum ERASMUS+ en skólinn á bæði aðild að starfsnámshluta Erasmus+ og bóknámsaðild. Alþjóðanefnd heldur utan um erlend samskipti innan skólans og alþjóðafulltrúi leiðir störf nefndarinnar.

Samstarf við St. Marie du Port í Frakklandi

MÍ hefur frá árinu 2004 átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Vorið 2024 komu franskir nemendur ásamt kennurum sínum í heimsókn til Ísafjarðar og á haustönn héldu 12 nemendur MÍ ásamt kennurum til Frakklands. Nemendur MÍ dvöldu alls 10 daga í Frakklandi, um viku í Sables þar sem þau gistu á frönskum heimilum og svo nokkra daga í París í lok ferðar.

Starfsbrautin í Danmörku

Á vorönn fóru nemendur á starfsbraut ásamt starfsfólki til Kaupmannahafnar. Í ferðinni heimsóttu þau tvo danska skóla og kynntu þar m.a. starfsbraut MÍ. Nemendurnir fengu að kynnst dönskum nemendum og unnu verkefni með þeim. Einnig gafst góður tími fyrir nemendur til að skoða sig um í borginni.

Lista- og nýsköpunarbrautin í Finnlandi

Á haustönn fóru 10 nemendur á lista- og nýsköpunarbraut ásamt kennurum í 5 daga ferð til Finnlands. Í ferðinni heimsóttu þau m.a. Herttoniemen Yhteiskoulu framhaldsskólann í Helsinki, Haltia náttúrusafnið og Noux þjóðgarðinn. Einnig sáu þau íslenskt leikverk á finnsku, fóru í saunu og margt fleira. Yfirskrift ferðarinnar var list og náttúra og endurspeglast það í dagskrá ferðarinnar og þeim verkefnum sem nemendur tóku sér fyrir hendur.

Samstarf við EUC Lillebælt í Danmörku


MÍ hefur frá árinu 2010 átt samstarf við EUC Lillebælt í Danmörku. Á haustönn komu 8 stálsmiðanemendur ásamt kennara til Ísafjarðar. Nemarnir stunduðu nám í skólanum og tóku þátt í ýmsum verkefnum og verklegum æfingum. Heimsóknin er hluti af samstarfsverkefni milli skólanna tveggja, sem miðar að því að efla faglega færni og menningarsamskipti nemenda.

Starfsspeglunarferðir starfsfólks (e. job shadowing)

Starfsfólk getur farið í starfsspeglunarferðir í gegnum Erasmus+ og nýttu nokkrir starfsmenn sér þann valkost á árinu.

Uppskeruhátíð Evrópuverkefna

Árið 2024 voru 30 ár liðin frá undirritun samnings um evrópska efnahagssvæðið og af því tilefni var blásið til uppskeruhátíðar Evrópuverkefna. Á hátíðinni voru kynnt ýmis verkefni úr samfélaginu, enda hafa áætlanir ESB styrkt íslenska aðila á sviði menntamála, kvikmyndagerðar, æskulýðsmála, rannsókna, nýsköpunar o.fl. Á hátíðinni fékk MÍ viðurkenningu frá Landsskrifstofu Erasmus+ fyrir árangursríkt verkefni og kynntu fulltrúar skólans m.a. ferð nemenda á starfsbraut til Amsterdam árið 2023 ásamt fleiri verkefnum sem nemendur og starfsfólk skólans hafa tekið þátt í.



HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði skólans er í heildina 5.814 fermetrar og skiptist í þrjár byggingar; bóknámshús, verknámshús og heimavist en í kjallara heimavistar er einnig kennslurými og Fab lab-smiðja.



STÆKKUNAR AÐ VÆNTA

Þann 5. apríl 2024 var undirrituð viljayfirlýsing um byggingu nýs verknámshús við Menntaskólann á Ísafirði. Ásmundur Einar Daðason barna- og menntamálaráðherra, Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar og Bragi Þór Thoroddsen sveitastjóri Súðavíkurhrepps undirrituðu samninginn ásamt Heiðrúnu Tryggvadóttur skólameistara. Reykholahreppur og Árneshreppur eru einnig aðilar að samningnum en fulltrúar þeirra gátu ekki verið viðstaddir undirritunina.

Undirritunin fór fram á bókasafni MÍ að viðstöddum nemendum, starfsfólki, skólanefnd, sveitastjórnarfólki og ýmsum aðilum úr atvinnulífinu.

Viljayfirlýsingin kveður á um skiptingu byggingarkostnaðar milli sveitarfélaganna og ríkisins. Sveitarfélögin munu lögum samkvæmt greiða samtals 40% af byggingarkostnaði en ríkið 60%.

Með nýju verknámshúsi verður loks komin viðunandi aðstaða fyrir nám í trésmíði, háriðngreinum og rafiðngreinum sem hingað til hafa verið í kjallara heimavistar og á efri hæð núverandi verknámshúss. Nýja byggingin bætir við um 1.000 fermetrum í aðstöðu til náms í verkgreinum og mun gera skólanum kleift að taka á móti fleiri nemendum í starfs- og verknám. Nú stundar rúmlega helmingur nemenda í dagskóla nám í verkgreinum við MÍ og hefur hlutfall þeirra farið vaxandi.




Bættri aðstöðu fyrir verknámskennslu er ætlað að þjóna öllum Vestfjörðum. Bætt aðstaða fyrir verknám gefur möguleika á auknu námsframboði verknámsgreina og styður við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu.

Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar.

Fjárhagsstaða skólans var innan ramma fjárlaga fyrir árið 2024.

Ársreikningur vegna 2024 var jákvæður um kr. 7.640.121. Framlag úr ríkissjóði var kr. 747.727.000 og sértekjur voru kr. 105.510.584.

Gjaldaliður vegna húsnæðis- og launakostnaður á árinu 2024 var 89% af útgjöldum skólans., sama hlutfall og árið 2023.



Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	747.727.000	721.063.000
Aðrar tekjur		16.870.907	15.925.904
Seld þjónusta	3	29.973.503	31.611.084
Framlög og ýmsar tekjur	4	39.589.823	28.935.475
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.609.140	10.133.997
Tekjur samtals		853.237.584	814.211.888
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	547.247.956	529.591.097
Annar rekstrarkostnaður	6	288.800.107	260.713.994
Afskriftir og niðurfærslur	7	9.609.140	10.133.997
Gjöld samtals		845.657.203	800.439.088
Afkoma fyrir fjármagnsliði		7.580.381	13.772.800
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		94.881	150.404
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(35.141)	(76.812)
		59.740	73.592
Afkoma ársins		7.640.121	13.846.392
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(4.147.879)	13.846.392
Rekstrartilfærslur		11.788.000	0
		7.640.121	13.846.392

• SKÓLI MEÐ SÉRSTÖÐU

Mernntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á stóru landsvæði. Skólinn heldur úti fjölbreyttu námsframboði og er sem slíkur mjög samfélagslega mikilvægur.

- Mikilvægt er að tryggja skólanum öruggan rekstrargrundvöll þar sem tekið er tillit til sérstöðu skólans á landsvísu og fjarlægð hans frá næstu framhaldsskólum.

• FJÖLBREYTTUR NEMENDAHÓPUR

Nemendahópur skólans er mjög fjölbreyttur og hefur starfsfólk skólans yfir að ráða hæfni og þekkingu til að mæta honum. Í MÍ fögnum við fjölbreytileikanum og innritum alla nemendur. Á haustönn 2024 voru 25% dagskólanemenda með annað móðurmál en íslensku.

- Mikilvægt er að áfram verði horft til þess hvernig mæta megi ólíkum nemendum og tryggja að innan skólans sé til staðar þekking og færni til að mæta fjölbreyttum nemendanópi.

• NÁM OG KENNSLA

Með framboði á námi og í kennslu er leitast við að mæta þörfum nemenda sem best, hvort sem nemendur eru í dagskóla, fjarnámi eða dreifnámi sem og þörfum Vestfjarða og atvinnulífsins á svæðinu.

- Mikilvægt er að byggja undir að skólinn geti aukið námsframboð sitt í náninni framtíð.

• BÆTT AÐSTAÐA TIL KENNSLU

Til stendur að bæta aðstöðu skólans til verk- og starfsnámskennslu og nauðsynlegt að bæta um leið tækjakost skólans sem er margur kominn til ára sinna.

- Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu þegar kemur að verk- og starfskennslu sem og annarri kennslu.

• AUKIÐ SAMSTARF INNAN VESTFJARÐA

Með auknu samtali við atvinnulífið á Vestfjörðum og stærra uppítökusvæði skólans innan Vestfjarða skapast möguleikar til framþróunar.

- Mikilvægt er að halda samtalinu áfram og nýta þá möguleika sem af því samtali skapast.